

## **9. Fundur í Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 20.ágúst 2015 kl. 16:00**

**Mætt voru** Sverrir Möller, Ævar Marinósson, Maríus Halldórsson, Sigríður Margrét Gamalíelsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson fjallskilastjóri og Sigríður Ósk Indriðadóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### **Dagskrá fundar:**

#### **1. Fjallskilaseðill:**

Sigurður Þór, fjallskilastjóri, lagði fram fjallskilaseðil og fór ýtarlega yfir hann. Landbúnaðarnefnd er ánægð með seðilinn og mælir með að hann verði sendur út sem fyrst.

#### **2. Kamrar við Vesturheiðarkofa og Miðfjarðarheiðarkofa:**

Landbúnaðarnefnd kom sér saman um að veitt verði 120.000 króna upphæð af ráðstöfunarfé þessa árs til að byggja kamra í Vesturheiðarkofa og Miðfjarðarheiðarkofa (120.000.- hámark á kofa). Lagt er til að gangnaforingjar í þeim heiðum beri ábyrgð á þeim framkvæmdum.

Fundi slitið kl. 17:30